



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 59. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 12. maí 2016
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Zophonías Ari Lárusson formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður, Hörður Ríkharðsson varamaður og Ágúst Þór Bragason ritari.

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar - 1508019

Jens P. Jensen aðalbókari Blönduósbæjar mætti á fundinn undir þessum lið. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 3 mánuði ársins 2016 lagt fram til kynningar. Jens fór yfir rekstur Blönduósbæjar fyrstu 3 mánuði ársins.

Rekstur ársins er í meginatriðum í samræmi við áætlanir.

2. SSNV - fundargerð stjórnar 5. apríl 2016 - 1605018

Fundargerð stjórnar SSNV lögð fram til kynningar.

3. veiðifélag Blöndu og Svartár - fundargerð frá 29. apríl 2016 - 1605008

Fundargerð Veiðifélags Blöndu og Svartár lögð fram til kynningar.

Byggðaráð leggur áherslu á það við stjórn veiðifélagsins að hún gæti hagsmuna félagsmanna og fylgi eftir samþykkt veiðifélagsfundar frá 3. desember 2015 um atkvæði Hnjúka og Kleifa.

4. Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð 29. apríl 2016 - 1605014

Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

5. Samband íslenskra sveitarfélaga - vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða - greining á uppbyggingarþörf - 1605009

Byggðaráð samþykkir að tilnefna Ágúst Þór Bragason sem tengilið í að vinna að áætlanagerð í uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum.

6. Tækifæri hf - Aðalfundarboð 2016 - 1605010

Boðað er til aðalfundar Tækifæris hf. að Strandgötu 3, Akureyri þriðjudaginn 17. maí kl. 14:00.

7. Norðurá bs. - Aðalfundarboð - 1605017

Boðað er til aðalfundar Norðurá bs. í félagsheimilinu Miðgarði, Skagafirði miðvikudaginn 18. maí kl. 15:00.



Byggðaráð samþykkir að sveitarstjóri mæti á fundinn.

8. Veiðifélag Laxár í Skefilsst.hr. - Aðalfundarboð 2016 - 1605024

Boðað er til aðalfundar Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi í félagsheimilinu Ljósheimum, sunnudaginn 22. maí kl. 13:00.

Byggðaráð samþykkir að Oddný María Gunnarsdóttir sæki fundinn.

9. Svæðisráð Skotveiðimanna á Norðurlandi vestra - Breyting á friðlýsingu Guðlaugstungum - 1605011

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 getur ráðherra veitt undanþágu eða endurskoðað ákvæði friðlýsingar að fenginni umsögn; Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar sveitarfélags. Svæðisráð Skotveiðimanna á Norðurlandi vestra telja það augljóst að þær hömlur sem settar eru á nytjar á villtum fuglum þjóni ekki markmiðum friðlýsingar Guðlaugstunga, sem er fyrst og fremst að verndas víðfeðmt og gróskumikið votlendi og eitt stærsta og fjölbreyttastas rútasvæði landsins.

Svæðisráð Skotveiðimanna á Norðurlandi vestra óskar eftir því að sveitarfélagið Blönduósbær taki til skoðunar afstöðu sína gagnvart því hvort hægt sé að ná fram breytingum á friðlysingarskilirðum Guðlaugstunga þannig að hægt verði að nýta friðlandið til nytja á villtum fuglum.

Blönduósbær vekur athygli bréfitara á að umrætt land er ekki innan marka Blönduósþéttar og tekur byggðaráð því ekki afstöðu til málsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30

Zophonías Ari Lárússon

Guðmundur Haukur Jakobsson

Hörður Ríkharðsson

Ágúst Þór Bragason
